

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hauka-Iðnskólareits.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 10. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Hauka-Iðnskólareits í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðirnar nr. 12 og 14 við Flatahraun eru sameinaðar og byggingarreitur stækkaður. Innkeyrsla frá Haukahrauni verður færð til suðvesturs og bílastæðum fækkað úr 267 í 240. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 8. júlí 2008,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2008